

Skilabréf starfshóps heilbrigðisráðherra sem falið var að skrifa drög að frumvarpi til nýrra heildarlaga um sóttvarnir.

Með bréfi, dags. 18. júní 2021, skipaði heilbrigðisráðherra starfshóp til að semja drög að frumvarpi til nýrra heildarlaga um sóttvarnir sem ætlað er að taka við af sóttvarnalögum nr. 19/1997.

Starfshópurinn var þannig skipaður: Sigurður Kári Árnason, yfirlögfræðingur í heilbrigðisráðuneytinu og formaður starfshópsins, skipaður án tilnefningar, Dagrún Hálfðánardóttir lögmaður, tilnefnd af embætti landlæknis, Kjartan Ólafsson lögfræðingur, tilnefndur af dómsmálaráðuneytinu, Haraldur Briem, fyrrverandi sóttvarnalæknir, tilnefndur af sóttvarnalækni, Hildur Helgadóttir, verkefnastjóri farsóttanefndar Landspítala, tilnefnd af Landspítala, Sigríður Dóra Magnúsdóttir, framkvæmdastjóri lækninga hjá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, tilnefnd af Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, Ásdís Elfarsdóttir sýkingavarnahjúkrunarfræðingur, tilefnd af sóttvarnaráði, og Víðir Reynisson, yfirlögregluþjónn almannavarnarviðs hjá ríkislögreglustjóra, tilnefndur af embætti ríkislögreglustjóra. Starfsmaður starfshópsins var Rögnvaldur G. Gunnarsson, lögfræðingur og staðgengill skrifstofustjóra í heilbrigðisráðuneytinu. Starfshópurinn fundaði að jafnaði vikulega frá ágústmánuði 2021.

Í skipunarbréfi starfshópsins var óskað eftir því að starfshópurinn myndi skila inn drögum að frumvarpi þann 1. nóvember 2021. Það varð ljóst snemma í ferlinu að það var ógerningur og ekki í samræmi við tilgang verkefnisins. Þannig óskaði starfshópurinn eftir því við ráðherra að hópurinn myndi skila drögum að frumvarpi þann 1. febrúar 2022. Ráðherra féllst á beiðni starfshópsins í bréfi til hópsins þann 23. september 2021.

Starfshópurinn var sammála um afmörkun verkefnisins og sammála öllum helstu nýmælum sem fram koma í frumvarpsdrögunum. Mikil umræða skapaðist í hópnum um þá aðferðafræði sem notuð er við að ákvarða opinberar sóttvarnaaðgerðir í sóttvarnalögum nr. 19/1997. Í þessum efnum leit starfshópurinn sérstaklega til nýlega samþykktra farsóttalaga í Danmörku. Eftir nokkra umræðu og könnun á þeirri löggjöf var ákveðið að leggja til að fjölskipað stjórnvald, farsóttanefnd, undir forystu sóttvarnalæknis komi með tillögur um opinberar sóttvarnaaðgerðir til ráðherra varðandi veigamestu ráðstafanirnar. Fundað var sérstaklega með sóttvarnalækni sem taldi sjálfur að um væri að ræða nauðsynlegar breytingar á núverandi aðferðafræði. Enn fremur að slík nefnd gæti orðið góður viðbótarstuðningur við sóttvarnalækni þegar kemur að framkvæmd ýmissa mála þar sem í hópnum væru m.a. fulltrúar þeirra lykilstofnana sem koma að sóttvarnamálum.

Starfshópurinn tók enn fremur til skoðunar hvort rétt væri að aðskilja að fullu embætti sóttvarnalæknis frá embætti landlæknis og koma með því á laggirnar sérstöku og umfangsmeira embætti sóttvarnalæknis. Að vandlega athuguðu máli, og eftir samtöl við sóttvarnalækni og landlækni, taldi hópurinn ekki skynsamlegt að taka slíka ákvörðun á þessu stigi. Rétt væri að framkvæma ítarlega greiningu á kostum þess áður en slíkt yrði lagt til í lagafrumvarpi, en að slík vinna félli fyrir utan verkefni starfshópsins. Þess í stað er í frumvarpinu lagt til að ábyrgð á sóttvarnamálum færist alfarið til sóttvarnalæknis undir yfirstjórn ráðherra í stað þess að embætti landlæknis sé formlegur milliliður. Samhliða því yrði sóttvarnalæknir embættismaður skipaður af ráðherra líkt og aðrir forstöðumenn stofnana og stýrði embætti sínu innan embættis landlæknis með þeim samlegðaráhrifum sem í því fælist.

Þá eru lagðar til ýmsar breytingar til skýringar og einföldunar á regluverkinu og margt tekið upp úr lögum nr. 2/2021 sem breyttu sóttvarnalögum nr. 19/1997 umtalsvert.

Starfshópnum var ekki falið að skila sérstakri skýrslu eða tillögum nema í formi draga að frumvarpi. Meðfylgjandi er frumvarp það sem samið var af starfshópnum. Meginefni þess, og þar með tillögur starfshópsins að breytingum miðað við sóttvarnalög nr. 19/1997, með síðari breytingum, er eftirfarandi:

- Lagt er til að sérstakt markmiðsákvæði komi inn í sóttvarnalög.
- Lagt er til gildissviðsákvæði og sérstakt ákvæði um þá sjúkdóma sem lögin taka til. Í því ákvæði er lögð til tiltekin stigskipting sjúkdóma, þ.e. smitsjúkdómar, alvarlegir sjúkdómar og samfélagslega hættulegir sjúkdómar.
- Lagt er til að heimildir stjórnvalda til sóttvarnaráðstafana taki mið af framangreindri stigskiptingu sambærilegt því og gildir í Danmörku. Einungis megi grípa til veigamestu ráðstafananna þegar um samfélagslega hættulegan sjúkdóm er að ræða.
- Lagðar eru til breytingar á stjórnsýslu sóttvarna. Þannig er lagt til að sóttvarnalæknir verði skipaður af ráðherra líkt og landlæknir og aðrir forstöðumenn stofnana samhliða því að ábyrgð hans á framkvæmd sóttvarna heyri beint undir yfirstjórn ráðherra en ekki landlæknis. Enn fremur að nýtt fjölskipað stjórnvald, farsóttanefnd, verði sett á laggirnar sem skilar tillögum til ráðherra til opinbera sóttvarnaráðstafana vegna samfélagslega hættulegra sjúkdóma.
- Samhliða stofnun farsóttanefndar verður sóttvarnaráð í núverandi mynd lagt niður. Þó er lagt til að sóttvarnalæknir hafi heimild til að kveða sér til ráðgjafar sérfræðinga vegna þeirra verkefna sem falla undir hlutverk sóttvarnalæknis.
- Lagt er til að kaflinn um opinberar sóttvarnaráðstafanir og einstaka ákvæði hans verði brotinn upp og framsetning einfölduð frá sóttvarnalögum nr. 19/1997. Jafnframt eru settar tilteknar skorður við tímalengd opinberra sóttvarnaráðstafana.
- Lagt er til að aðkoma og eftirlitshlutverk Alþingis að opinberum sóttvarnaráðstöfunum verði styrkt.
- Lagt er til að viðurlagaákvæði laganna verði uppfært í samræmi við löggjafarþróun síðari ára.

Reykjavík, 31. janúar 2022.

f.h. starfshópsins,

Sigurður Kári Árnason, formaður.